

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun.

Breyting á deiliskipulagi, Hrunamannavegur 1 og 3, Flúðir - miðsvæði.

Breytingin felur í sér að lóðamörk lóða 1 og 3 færast 3 m til norðurs, stærð lóðar 1 minnkar og byggingarreitir á lóðum 1 og 3 færast um 5 m til norðurs. Þá breytast lóðamörk félagsheimilis til samræmis og sameiginlegum bílastæðum fækkar um 18.

Samþykkt í sveitarstjórn 7. september 2017.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 27. september 2017.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 29. september 2017